

Umhverfisstofnun
Áb. SK 51 GE
24. apríl 2013
8.6.1
Tilv. UST20130300083



Olíudreifing ehf.  
Pósthólf 4230  
124 Reykjavík

## UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasimi: 562 4566 postur@uar.is  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is)

Reykjavík 22. apríl 2013  
Tilv.: UMH13030015/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 1. mars sl. þar sem óskað er eftir framlengingu á tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði.

Með bréfi þann 27. apríl 2007 veitti ráðuneytið Olíudreifingu ehf., samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, undanþágu frá starfsleyfi til reksturs olíubirgðastöðvar við Suðurgötu og Mjósund á Ísafirði til og með 31. desember 2008 vegna þess að land undir nýja staðsetningu birgðastöðva á Mávagarði væri ekki tilbúin. Undanþágan var bundin því skilyrði að fyrirtækið upplýsti ráðuneytið og Umhverfisstofnun um framvindu mála annars vegar fyrir 1. október 2007 og hins vegar fyrir 1. júlí 2008. Olíudreifing ehf. uppfyllti sett skilyrði á réttum tíma í bæði skiptin. Með bréfi 27. febrúar 2009 veitti ráðuneytið aftur undanþágu frá starfsleyfi til reksturs olíubirgðastöðvar við Suðurgötu og Mjósund á Ísafirði. Undanþágan var bundin skilyrðum sem tiltekin voru í níu liðum, m.a. var kveðið á um að Olíudreifing ehf. upplýsti Umhverfisstofnun um framvindu mála á gildistíma undanþágunnar annars vegar 1. júlí 2010 og hins vegar fyrir 1. júlí 2011. Olíudreifing ehf. uppfyllti sett skilyrði á réttum tíma. Undanþágan gilti til 1. júlí 2012. Með bréfi til ráðuneytisins hinn 14. júní 2012 kom fram að land undir nýja staðsetningu birgðastöðvar á Mávagarði væri ekki tilbúið og að ástæðan væri fjölbætt. Lengri tíma hafi m.a. tekið að semja við Ísafjarðarbæ um skipti á lóðum og bætur fyrir þann kostnað sem hlytist af flutningi stöðvarinnar og einnig breyttust forsendur. Á grundvelli þeirra forsenda sem lágu fyrir 1. júní 2012 lágu fyrir drög að samkomulagi milli Olíudreifingar og Ísafjarðarbæjar um uppbryggingu á Mávagarði. Í því ferli hafi komið í ljós að Ísafjarðarbær gæti ekki staðfest að lóðin væri byggingarhæf og því væri ekki hægt að hefja framkvæmdir fyrr en slík staðfesting lægi fyrir. Fyrir lá hönnun á olíubirgðastöð á Mávagarði og framkvæmdaáætlun sem gerði ráð fyrir að hægt yrði að taka stöðina í rekstur fyrir áramótin 2012/2013. Starfsleyfisumsókn fyrir nýrri stöð hafi verið send inn til Umhverfisstofnunar. Með bréfi 2. júlí 2012 veitti ráðuneytið Olíudreifingu ehf. samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, undanþágu frá starfsleyfi til reksturs olíubirgðastöðvar við Suðurgötu og Mjósund á Ísafirði að uppfylltum skilyrðum þar til að notkun eldri stöðvarinnar væri lokið og starfsleyfi hafi verið gefið út fyrir nýja olíubirgðastöð á Ísafirði en eigi lengur en til 31. mars 2013.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr., að óheimilt sé að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út.

Ráðherra sé heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið Umhverfisstofnun og Heilbrigðisnefnd Vestfjarðarsvæðis erindi yðar til umsagnar.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 16. mars sl. kemur fram að lóðamál séu enn til afgreiðslu hjá Ísafjarðarbæ þar sem lóðin sé ekki tilbúin en það líti út fyrir að loksns sjáist fyrir endann á því. Nefndin geri ekki athugasemdir við að undanþága frá starfsleyfi fyrir olíuburgðarstöð við Suðurgötu og Mjósund á Ísafirði verði framlengd þar sem lóðin sé ekki tilbúin.


Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 22. mars sl., kemur fram að undanfarin ár hafi umrædd stöð verið rekin á undanþágu frá starfsleyfi. Beðið hafi verið eftir að ný lóð félagsins á Mávagarði á Ísafirði yrði hæf til byggingar en til standi að fára stöðina á Mávagarð og hafi stofnunin gefið út starfsleyfi fyrir olíuburgðastöð þar. Undanþágan sem sótt er um eigi að brúa bilið þangað til hægt sé að fára stöðina og verð eldri olíuburgðastöð þá lokað. Olíudreifing hafi sent Ísafjarðarbæ, Heilbrigðisnefnd Vestfjarða og Umhverfisstofnun áætlun um frágang á lóðinni þar sem olíuburgðarstöðvar félagsins eru við Suðurgötu og Mjósund á Ísafirði. Hafi áætlunin verið samþykkt. Olíudreifing ehf. hafi uppfyllt skilyrði sem hafi verið í undanþáguna sem veitt hafi verið 2. júlí 2012. Farið hafi verið í eftirlit hinn 13. desember 2012 og þá hafi verið eitt frávik frá starfsleyfi og hefur verið brugðist við því og lagfært það sem út af stóð. Félagið hafi sent stofnuninni stöðuskýrslu eins og áskilið sé og leggist Umhverfisstofnun ekki gegn því að veitt verði undanþága fyrir stöðina að uppfylltum sömu skilyrðum og fram komu í síðustu undanþágu.

Með vísun til framanritaðs veitir ráðuneytið Olíudreifingu ehf. hér með samkvæmt. heimild í 7. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, undanþágu frá starfsleyfi til reksturs olíuburgðastöðvar við Suðurgötu og Mjósund á Ísafirði. Undanþága þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, þó með þeirri undantekningu sem um er vitað, að mengunarvarnir uppfylla ekki öll ákvæði reglugerðarinnar nr. 35/1994.
2. Undantöppun úr olíugeymum skal vera í lokuðu kerfi vegna skorts á olíuskiljum í fráveitu stöðvarinnar.
3. Tæming og eftirlit með undantöppunarþró (Esso stöð) og olíuskilju og undantöppunarþró (sameiginleg stöð) skal framkvæmt a.m.k. mánaðarlega.
4. Gæta skal fyllsta rekstraröryggis með því að umgangast olíu með sérstakri aðgát og að eingöngu er heimilt að fá starfsfólk með þekkingu á meðhöndlun olíu og viðeigandi þjálfun í störf í olíuburgðastöðinni.
5. Halda skal rekstrardagbók þar sem skráð er viðhald og eftirlit.
6. Stöðin skal hafa viðbragðsáætlun og ábyrgðartryggingu vegna mengunarslysa.
7. Lagnir og geymar skulu standast prófanir.
8. Aðgengi að stöðinni skal vera takmarkað með girðingum og hliðum.
9. Fara skal eftir áætlun þeirri sem nú er verið að ganga frá um meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs við frágang gömlu stöðvarinnar.
10. Olíudreifing ehf. skal senda Umhverfisstofnun skýrslu um gang mála við nýju birgðastöðina á Mávagarði á tveggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. júní 2013. Afrit skal senda til Heilbrigðisnefndar Vestfjarðar. Skýrslurnar skulu gefnar þar til endanlega verður hætt að reka eldri stöðina. Umhverfisstofnun skal birta þessar skýrslur á heimasíðu stofnunarinnar.
11. Olíuburgðarstöðin skal vera undir reglubundnu mengunarvarnaeftirliti Umhverfisstofnunar á undanþágutímanum og skal stofnunin innheimta eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar. Við eftirlit skal m.a. haft eftirlit með ákvæðum undanþágunnar og ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, með fyrirvara um að vitað er að hluti mengunarvarnabúnaðar sem reglugerðin kveður á um er ekki til staðar.
12. Hætta skal notkun stöðvarinnar þegar ný stöð á Mávagarði tekur til starfa.

Undanþága þessi gildir þar til að notkun eldri stöðvarinnar er lokið og nýja olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði hefur verið tekin í notkun en eigi lengur en til 1. nóvember 2013.  
Framangreint tilkynnist yður hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörk Sæmundsdóttir



Kjartan Ingvarsson

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd Vestfjarðar